

Skólanámskrá

Leikskólinn Arnarberg



Formáli

Skólanámskrá leikskólans er yfirlýsing um þá hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar í starfi leikskólans. Henni er ætlað að vera stefnumótandi leiðarvísir um uppeldistörf í leikskólum og á grundvelli þess á hver leikskóli að gera sína eigin skólanámskrá. Markmið þess er að skipuleggja uppeldi og nám barna, stuðla að skilvirkari starfi og gera leikskólastarfið sýnilegt, sem og menntun leikskólabarnanna. Til þess að skólanámskrá sé sá leiðarvísir sem henni er ætlað að vera, þarf hún að vera endurskoðuð reglulega og taka breytingum í takt við þær áherslur sem ríkja hverju sinni í leikskólanum og samfélaginu.

Við gerð skólanámskrár Arnarbergs var lögð áhersla á aðkomu alls starfsfólks og er því samvinnuverkefni allra kennaranna í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa börnunum gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi. Lögð er áhersla á að tengja grunnþættina stefnu og áhersluþáttum leikskólans í leik og námi, eins og vettvangsferðum, umhverfismennt og læsi. Jafnframt verður haldið áfram með forystuskólaverkefnið okkar í - **Læsishvetjandi umhverfi í leikskóla**- en það verkefni hófst formlega árið 2008 og lauk 2013. Megin markmiðið með verkefninu er bókalestur sem fylgt er eftir með spurningum og umræðum um efni. Börnin hafa verið örvuð með læsi í gegnum leik, talmál, ritmál, og skapandi starf. Einnig er framsögn í þúlti stór þáttur í daglegu lífi barnanna. Bókasafn Hafnarfjarðar hefur verið nýtt fyrir tvo elstu árgangana í skólanum. Einnig erum við búin að vera SMT skóli síðan 2009.

Einkunnarorð skólans eru "Læsi er leikur".

Hafnarfirði í júní 2014

Oddfríður Jónsdóttir

leikskólastjóri

Kristbjörg Helgadóttir

aðstoðarleikskólastjóri

Efnisyfirlit

Formáli	1
1. Inngangur	4
2. Leikskólinn Arnarberg	6
2.1 Starfsfólk leikskóla	6
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	6
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna.....	7
3. Stefna leikskólans / hugmyndafræði hans	8
3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins	8
3.2 Kennsluhættir leikskólans / Leikurinn	9
3.3 Námsumhverfi	10
4. Grunnþættir menntunar	11
4.1 Jafnrétti	11
4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfinu	11
4.2 Læsi.....	12
4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu.....	12
4.3 Heilbrigði og velferð	13
4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu	13
4.4 Sjálfbærni.....	14
4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu	14
4.5 Sköpun	15
4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi	15
4.6 Lýðræði og mannréttindi.....	16
4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi.....	16
5. Samþætt og skapandi leikskólastarf	17
5.1 Læsi og samskipti.....	17
5.2 Heilbrigði og vellíðan	18
5.3 Sjálfbærni og vísindi	18
5.4 Sköpun og menning.....	19
6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	21
7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	23
8. Sérfræðiþjónusta	24

8.1 Sérkennsla í leikskólanum	24
9. Mat og eftirlit	25
9.1 Ytra mat á leikskólastarfi	25
9.2 Innra mat á leikskólastarfi	25
9.2.1 Mat barna	26
9.2.2 Mat starfsmanna leikskólanna	26
9.2.3 Mat foreldra	26
10. Heimildaskrá	28

1. Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólustarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnæki fræðsluyfirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólustarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólustarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á (Aðalnámskrá, 2011 bls. 9-10).

Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu leikskóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega en árlega er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og menntun barnanna svo og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans (Aðalnámskrá, bls. 10-11).

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta (Lög um leikskóla nr. 90/2008)



2. Leikskólinn Arnarberg

Leikskólinn Arnarberg tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í ágúst árið 2003. Áður hafði leikskólinn verið til húsa að Smyrlahrauni 41b sem einnar deildar leikskóli frá árinu 1981. Árið 1998 tók Hafnarfjarðarbær við rekstri foreldrarekins leikskóla, Hraunkots, sem var til húsa þar sem leikskólinn er nú og sameinaði hann Arnarbergi. Leikskólinn Hraunkot var til húsa í gömlu húsnæði sem komið var til ára sinna og var það því rífið og nýr leikskóli byggður.



Umhverfi leikskólans er rólegt og friðsælt og nýtur góðs af staðsetningunni sem er innst í botnlanga, þar sem umferð er í lámarki. Leikskólalóðin er mjög rúmgóð og fellur hönnun lóðarinnar einstaklega vel inn í umhverfið sem fyrir var þar sem hraunið fær að njóta sín frá náttúrunnar hendi. Stutt er í miðbæinn, Hellisgerði og Lækinn.

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólki leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samviskusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki skv. 7. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá, 2011 bls. 11). Á herðum leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins samkvæmt (52. gr. barnalaga, nr. 76/2003).

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans og leikskólastjóra að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla nr. 90/2008, Aðalnámskrá leikskóla 2011, Skólafélag Hafnarfjarðar og Mannauðsstefna 2011).

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum ber að gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram til barna og náms (Aðalnámskrá, bls. 11-12, 31).

3. Stefna leikskólans / hugmyndafræði hans

Hlutverk leikskóla er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörnum þarf að standa til boða fjölbreyttir námshættir og þau þurfa að fá tækifæri til að öðlast námshæfni sem byggir á eðlislegri forvitni barna, áhugahvöt, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan og örvandi hátt. Námsumhverfið þarf að vera í senn hvetjandi og örvandi, þar þarf að ríkja lýðræði, samvinna og virðing fyrir einstaklingnum og hæfileikum hans. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er mikilvægur þáttur í öllu uppeldi. Leikskólanum ber að rækta þau viðhorf, styrkja þau og hlú að í hvívetna (Aðalnámskrá, bls. 19-24).

Leikskólinn Arnarberg byggir hugmyndafræði sína á kenningum uppeldisfræðingsins John Dewey (1859 -1952). Þær kenningar falla vel að þeirri hugsun sem fram kemur hér að framan og byggir á því að börn séu virkir þátttakendur og að allt nám eigi sér stað með tilstyrk reynslu. Einkunnarorð Deweys voru „að læra með því að framkvæma“ og lýsa þau vel hugsun hans til náms barna. Hann lagði mikla áherslu á að kennarinn spyrði spurninga og leitaði eftir þekkingu barnanna hverju sinni þannig að hann gæti skapað aðstæður til að auka þekkinguna. Dewey lagði áherslu á að börn fengju að reyna því sá sem öðlast reynslu er virkur og í virkni felst bæði athöfn og afleiðing (Pound, 2005, bls. 21–22). Við teljum mikilvægt að virkja börnin eins og kostur er, veita áhuga þeirra athygli og vinna út frá því. Mikilvægt er að flétta saman ólíka þætti og vinna þá saman út frá ólíkum sviðum s.s. þegar unnið er með læsi í gegnum tónlist eða myndlist má flétta saman umhverfi og menningu. Nauðsynlegt er að koma til móts við einstaklinginn eins og hann er og mæta honum á þeim stað sem þroski hans leyfir. Nota fjölbreyttar leiðir í kennslu þannig að hvert barn finni eitthvað við sitt hæfi. Það er hlutverk okkar að skapa þessi tækifæri þannig að börnin geti þroskast eðlilega og að þau fái notið bernsku sinnar og verði hæfir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því upphaf formlegrar menntunnar barna. Þessi tími er mikilvægur hverju barni til náms og þroska. Leikskólinn í samstarfi við foreldra á að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar og sjá til þess að öryggi þeirra og vellíðan sé gætt.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í gegnum leik, umönnun, samskipti, skapandi starf og hugsun. Mikilvægt er að mæta hverju barni þar sem það er statt í aldri og þroska þannig að öllum börnum gefist jöfn tækifæri til að njóta sem best bernsku sinnar með öryggi og velferð að leiðarljósi. Hér í leikskólanum hefur verið unnið með læsishvetjandi umhverfi og eru einkunnarorð skólans „Læsi

er leikur“. Við viljum leggja víðtæka merkingu í þessi orð, þannig viljum við lesa í líðan og velferð einstaklingsins og leggja áherslu á að allir séu jafnir og eigi jafnan rétt. Einnig viljum við stuðla að umburðarlyndi, samkennd og samvinnu. Allt þetta viljum við gera í gegn um leik því leikurinn er ein besta náms og þroskaleið barnsins. Með þetta að leiðarljósi erum við sannfærð um að við fáum sterkan og sjálfstæðan einstakling sem er glaður og tekur á móti áskorunum lífsins.



3.2 Kennsluhættir leikskólans / Leikurinn

Kennsluaðferðir hafa lengi verið þróaðar og þær aðlagðar leikskólaumhverfinu. Þessar aðferðir eru byggðar á þekkingu manna um nám og þroska barna víða um heim. Til grundvallar hafa hugmyndir Deweys um samfellu í námi, tengsl menntunar og reynslu gefið góðar vísbendingar um aðferðir í kennslu. Könnunaraðferðin er meðal annars byggð á hugmyndum hans um það hvernig börn læra (Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 163). Kennarinn leitar eftir því hvað barnið veit og fylgist með áhuga þess. Það gefur kennaranum tækifæri til að aðstoða börnin við að afla sér meiri þekkingar og upplýsinga. Jafnframt gefur það kennaranum tækifæri til að skipuleggja kennsluna og færa hana að aldri barnanna og þroska á hverjum tíma.

Leið barna til náms er í gegn um leik, hann er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur, sagt er að hann sé í senn markmið og leið í öllu leikskólastarfi. Í leik er barn frjálst, óháð og skapandi. Börn læra hvert af öðru, gera tilraunir, leita leiða, gera og segja ýmislegt sem ekki er hægt í raunveruleikanum og leysa vandamál. Í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 (Aðalnámskrá, 2011, bls. 30) er lögð áhersla á þessa þætti og talað um leikinn sem meginnámsleið barna. Leikurinn kallar á mikinn fjölbreytileika svo sem hreyfingu, notkun tungumálsins, félagsleg samskipti, tilfinningatengsl og sköpunarkraft. Öll námssvið leikskólans skarast og tengjast hvert öðru. Kennsluaðferðir sem nota má í leikskóla eru til þess gerðar að vekja áhuga, forvitni, þekkingu, skilning og tjáningu. Ásamt því að efla með börnunum jákvæð samskipti og um leið efla allan almennan þroska.

3.3 Námsumhverfi

Leikskólinn Arnarberg er fjögurra deilda leikskóli með rétt tæplega hundrað börn og um þrjátíu starfsmenn. Leikskólinn var byggður árið 2003 og í águst það ár hófst starfsemin hér í húsinu. Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfisins endurspeglar vel þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Leikskólinn er hannaður þannig að í hvorum enda hússins eru tvær deildir og hafa þær sameiginlega fataklefa. Hver deild hefur yfir að ráða góðri leikstofu ásamt tveimur minni herbergjum og góðri salernisaðstöðu. Í miðju hússins er góður salur sem sameiginlega er notaður af öllum deildum til hreyfiiðkunar og söng og samverustunda af ýmsu tagi. Einnig er í miðhúsi eldhús, starfsmannaaðstaða og skrifstofa leikskólustjóra. Börnin hafa greiðan aðgang að fjölbreyttum efnivið sem hvetja þau til náms í gegn um leik, rannsóknir, tilraunir og listsköpun. Í leikskólanum er listastofa þar sem sérmenntaður listgreinakennari starfar og er þar boðið uppá margvíslegan efnivið til sköpunar. Áhersla er lögð á að gefa börnunum tækifæri til að nýta öll skynfæri, rannsaka og draga ályktanir og skapa þannig fjölbreytt tækifæri. Sérkennsluherbergi er í skólanum og starfandi sérkennslustjóri sem hefur umsjón með allri sérkennslu. Herbergið er notað til kennslu og funda. Samofin öllu starfi er leikskólalóðin en hún er ekki síður mikilvægur þáttur í námi barna. Lóðin er stór og hefur mikinn fjölbreytileika sem stuðlar að mörgum tækifærum til náms og þroska. Hún er samsett úr sléttum flötum, brekkum, hrauni, gróðri og göngustígum ásamt fjölbreyttum leikföngum og leiktækjum. Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í Hafnarfirði, stutt er í opna almenningsgarða og fjölbreytta náttúru og skemmtilegt nærsamfélag. Í túnfætinum stendur hús Fimleikafélagsins Bjarkar og njótum við þess að nýta þá aðstöðu fyrir börnin.



4. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. **Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpun** eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá, bls. 14).

4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir og með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu.

4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfinu

Í leikskólanum Arnarbergi er lögð áhersla á að allir eigi jafna möguleika til leikja og náms. Mikilvægt er að mæta hverju barni þar sem það er statt í aldri og þroska. Börn eru sjálfstæðir skapandi einstaklingar sem ber að hlusta á, taka mið af og hvetja til umræðu í öllu skólastarfi. Við viljum skapa þau tækifæri sem til þarf og aðlaga vinnu okkar að þeim þannig að hver og einn fái að njóta sín og sinna hæfileika. Við viljum að börnin upplifi lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu lífi og starfi. Námsumhverfið þarf að vera hvetjandi, öruggt og vinalegt þannig að öllum líði vel. Við viljum skapa jöfn tækifæri fyrir reynslu og virkni allra barna skólans þannig teljum við að við getum lært

hvert af öðru, miðlað þekkingu, reynslu og menningu. Við viljum að frá okkur fari sjálfstæðir hugsandi einstaklingar sem færir eru um að takast á við lífið og tilbúir til að leita lausna til jafns fyrir alla óháð trúarbrögðum, uppruna eða líkamlegu atgervi. Leitast er við að jafna hlutfall kynja í starfsmannahópnum og hafa virka jafnréttisstefnu sem stöðugt er í endurskoðun.

4.2 Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu

Leikskólinn Arnarberg var forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi í leikskóla frá árinu 2008 til ársins 2013. Þessi fimm ár voru notuð til að leita leiða í að örva málnotkun og lesskilning barnanna í leikskólanum og þróa þannig bernskulæsi. Unnið hefur verið að því að búa til námsefni og gera allt umhverfið læsishvetjandi með því að hafa bókstafi, orð og bækur í umhverfinu og í sem mestri snertingu við börnin. Reglubundnar ferðir eru farnar í bókasafnið með elstu árgangana og er markmiðið með þeim að kynna fyrir börnunum safnið, kosti þess og mikilvægi bóka. Æfingar í framsögn við púlt er einnig stór þáttur í daglegu lífi barnanna, þar koma þau og kynna sig, segja stuttar sögur eða hvað annað sem þau hafa fram að færa á hverjum tíma.

Til þess að nálgast verkefnið var haft til hliðsjónar ýmsar kenningar og hugmyndir fræðimanna hvað varðar leik og læsispróun barna á leikskólaaldri. Má þar m.a. nefna kenningar Catherine Snow (1993), prófessors í læsisfræðum og máltöku barna við Harvard Graduate School of Education, USA og Rósu Eggertsdóttur(2007), kennara við Háskólann á Akureyri. Catherine Snow telur að góður orðaforði og almenn þekking sé það sem gerir barn að góðum lesara. Hún telur að leggja beri áherslu á talmál hjá leikskólabörnum og að miklu máli skipti að gera umhverfið fjölbreytt og ögrandi. Bókalestur sem fylgt er eftir með spurningum og umræðum um efnið, örvi mál og læsispróun hjá börnum og að góður orðaforði sé mikilvægur þáttur og forsenda lesskilnings. Rósa (2007), telur að þroskuð hljóðvitund og þekking á stöfum tvo bestu forspárþætti um gengi áframhaldandi lestrarnáms. Það má segja að fyrsta lestrarnám barns eigi sér stað þegar setið er með barnið í fanginu og skoðuð með því myndabók, talað um og bent á myndirnar.

Læsi er ekki aðeins sú kunnátta og færni sem felur í sér að lesa orð í bók. Læsi þróa börnin með sér í gegnum talað mál, samskipti, hlustun og söng. Einnig þurfa börnin að læra að lesa í umhverfið, fólk og tilfinningar til að öðlast öryggi sem er forsenda vellíðunar og sjálfstæðis. Samskiptamáti nútímans eins og tölvutækni hverskonar er einnig mikilvægur þáttur í námi og kennslu og því er mikilvægt að börnin tileinki sér ung þá miðlun og úrvinnslu sem í boði er. Mestu skiptir að allir börn, foreldrar og starfsmenn séu virkir þátttakendur í þeirri þróun sem á sér stað. Sameiginlegt tungumál er veigamikill þáttur í menningu þjóðar, tengir fólk böndum og eflir samkennd. Einkunnarorð okkar eru „Læsi er leikur“ og með þeim viljum við segja að hvað það sem við tökum okkur fyrir hendur í gegnum leik er nám barnanna og á það jafnt við alla grunnþætti námsins.



4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Í leikskólanum Arnarbergi er lögð rík áhersla á að skapa börnunum heilbrigða lífshætti. Lögð er áhersla á efla sjálfsmynd barnanna, gleði, líkamlega og andlega vellíðan. Það er gert með því að sjá þeim fyrir nægri hreyfingu, hollu mataræði og hvíld. Allt eru þetta þættir sem eru órjúfanlegir hver

frá öðrum og afar mikilvægir fyrir hvern einstakling til heilbrigðis. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Í Arnarbergi er lögð áhersla á hollt og næringarríkt fæði, einnig er stuðlað að hreinlætisvenjum barnanna sem er mikilvægur þáttur í vellíðan og uppeldi til framtíðar. Umhyggja skipar stóran sess í leikskólalífi okkar og því mikilvægt er að starfsmenn myndi góð og náin tengsl við börnin og þannig sé vellíðan þeirra ávallt í fyrirrúmi.

4.4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betri ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. **Umhverfið** og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Þannig þurfa börnin að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í **samfélagslegu** tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. **Efnahagslegur** þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.

4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Eitt af hlutverkum leikskóla er að skapa tækifæri fyrir börnin til að kanna, reyna og skilja umhverfi sitt. Umhverfi Arnarbergs er ríkt af fjölbreyttri náttúru og því mörg tækifæri sem skapast til að öðlast reynslu og upplifun. Börnunum gefast tækifæri til að kanna nærumhverfið, rannsaka, snerta, bera saman, hlusta og horfa. Börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Líkt og uppeldisfræðingurinn Dewey sagði, börn „læra með því að framkvæma“. Þessi orð lýsa vel hugsun okkar og vilja til að veita börnunum tækifæri til að öðlast reynslu, því af reynslu sprettur virkni og í virkni felst bæði athöfn og afleiðing. Mikilvægur þáttur er einnig að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfinu og læra að þykja vænt um það, því að það sem manni þykir vænt um verndar maður og sýnir virðingu. Við leggjum einnig áherslu á endurnýtingu og mikilvægi þess að flokka, ganga vel um og þannig stuðla að sjálfbæri þróun og vistspori nærsamfélagsins.

4.5 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi.

4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi

Mikilvægur þáttur í námi og þroska barna er sköpun. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig á skapandi hátt. Leikskólinn leggur áherslu á að efla með börnunum frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun. Skapar börnunum aðstæður og tækifæri til að tjá sig frjálst þannig að sköpunargleðin fái að njóta sín í öllu starfi. Áhersla er lögð á að hafa margvíslegan efnivið í boði, fara í vettvangsferðir og kanna nærumhverfið. Börnin eru hvött til að reyna, gera tilraunir, tjá sig og leita svara. Ferlið sjálft skiptir mestu máli og að hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fái notið sín. Menning er samofin öllu leikskólastarfi, börnin taka þátt í að móta menningu skólans með hátíðum, viðburðum, lestri bóka, söng og leiklist. Þau heimsækja listasöfn, fara á leiksýningar og kynnast þannig menningu í víðari skilningi. Næringsfélagið er nýtt til að gera börnin meðvituð um umhverfi sitt, fólk og menningu.



4.6 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Lýðræði er mikilvægt á vettvangi leikskólans. Í fyrsta lagi þurfa leikskólar að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa leikskólar að taka mið af því í öllum starfsháttum og að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Í ljósi þess þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni.

4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi

Leikskólinn er vettvangur þar sem mikilvægt er að leggja áherslu á gildi og starfhætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Lögð er áhersla á að lýðræði og mannréttindi séu viðhöfð í öllu starfi. Áhersla er lögð á gott samstarf milli foreldra, starfsmanna og barna. Saman myndum við það samfélag sem við teljum að börnunum sé fyrir bestu. Þá leggjum við áherslu á að börn temji sér ung að sýna öllum virðingu, samstöðu, samkennd og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum. Mikilvægt er að allir finni sig hafa áhrif með skoðunum sínum og orðum, að tekið sé tillit til allra. Þannig myndum við lýðræðislegt samfélag og börnin verða virkir samfélagsþegnar sem eru umburðarlyndir, víðsýnir og færir um að sýna bæði fólki, dýrum og umhverfi virðingu og tillitsemi. Við viljum að einkunnarorð okkar „Læsi er leikur“ geti komið skýrt fram í gegnum lýðræðislegt uppeldi barnanna með því að þau séu fær um að lesa í aðstæður og tilfinningar annarra hverju sinni og geti þannig orðið ábyrgir einstaklingar í lýðræðisríki.

5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og hríslast námsþættir inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna.

5.1 Læsi og samskipti

Veigamikill þáttur í daglegu lífi hvers einstaklings er hæfni í félagslegum samskiptum. Í öllu námi og starfi reynir mikið á samskipti. Því er mikilvægt að efla og örva félagshæfni barnanna. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Mikilvægt er að efla og örva félagshæfni þeirra frá unga aldri. Börn nota ýmsar aðferðir við að tjá sig, þau nota hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu. Þau þjálfast í að hlusta, spyrja spurninga, skiptast á skoðunum, ræða hugmyndir og bera virðingu hvert fyrir öðru. Tjáning og samskipti eru lykilatriði barnanna til boðskipta og gera þeim kleift að lesa í það umhverfi og það samfélag sem þau lifa í á hverjum tíma.

Markmið:

- Efla málþroska og hugtakaskilning
- Efla virka hlustun
- Nýta málið í samskiptum við aðra
- Efla framsögn og tjáningu
- Þjálfun í að setja orð á hugsanir sínar og tilfinningar
- Nota opnar spurningar sem hvetja til hugsunar og svara
- Efla virðingu fyrir sér og öðrum
- Efla jákvætt viðhorf
- Efla sjálfsmynd og sjálfsöryggi
- Efla samkennd og virðingu fyrir öðrum

Leiðir:

- Markvisst er unnið að bernskulæsi
- Unnið er með bækur, þulur og vísur
- Unnið er með hugtök og hugtakaskilning
- Markvissar ferðir eru farnar í bókasafnið
- Áhersla er lögð á framsögn og tjáningu
- Unnið er með söng, takt og dans
- Leitað er leiða til að skapa tækifæri fyrir alla á eigin forsendum óháð aldri og þroska



5.2 Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan byggist á líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan. Til að svo megi verða leggjum við áherslu á hollan og næringarríkan mat, hreyfingu, útivist, hvíld og hreinlæti. Mikilvægt er að börnin temji sér frá unga aldri þessa þætti daglegs lífs og þannig sé stuðlað að almennri vellíðan þeirra og heilbrigði. Áhersla er lögð á alla hreyfingu til að efla hreyfiproska og líkamsvitund. Jákvætt viðhorf, umhyggja og virðing eru að okkar mati grunnþættir í vellíðan barnanna til að efla sjálfsmynd þeirra og sjálfsöryggi. Við viljum að börnin finni að borin sé virðing fyrir þeim og á þau sé hlustað.

Markmið:	Leiðir:
<ul style="list-style-type: none">▪ Skapa umhverfi sem styrkir sjálfsmynd og samvinnu▪ Stuðla að umhyggju, gleði og ánægju▪ Hafa holt næringarríkt fæði og heilbrigt umhverfi▪ Stuðla að persónulegri umhirðu▪ Efla hreyfiproska barnanna og fjölbreytta hreyfingu▪ Stuðla að slökun og hvíld▪ Stuðla að tilfinningalegu jafnvægi og jákvæðum samskiptum▪ Skapa umhverfi sem öllum líður vel	<ul style="list-style-type: none">▪ Sýna hverju barni virðingu og umhyggju▪ Vera góðar fyrirmyndir og kenna jákvæð samskipti▪ Bjóða upp á hollan og næringarríkan mat▪ Nýta vel nærumhverfið til útivistar og hreyfingar▪ Gefa börnunum kost á verkefnum sem þjálfa jafnt fin og grófhreyfingar▪ Skapa tækifæri sem ýta undir sjálfshjálp, samvinnu og félagsfærni▪ Hvetja börnin til samskipta við ólíka einstaklinga og mynda tengsl við nærsamfélagið s.s. með heimsóknum á ólíka staði.▪ Skapa umhverfi þar sem öllum líður vel líkamlega, andlega og félagslega



5.3 Sjálfbærni og vísindi

Kynni barna við náttúruna eru þýðingamikil fyrir þroska þeirra. Þau fá að upplifa náttúruna af eigin raun, njóta hennar og læra að umgangast hana af virðingu, ábyrgð, áhuga og skynsemi. Starfsfólkið sýnir gott fordæmi og gefur börnunum fjölbreytt tækifæri til að vinna með náttúruna á ýmsan hátt. Þannig stuðlum við að virðingu fyrir náttúrunni og sjáum börnunum fyrir möguleikum á að kynnast

fjölbreytileika hennar. Stærðfræði er eitt af mikilvægum námsþáttum í leikskóla. Vinna með fyrirbæri og mynstur í náttúrunni vekja börnin til vísindalegrar og stærðfræðilegrar hugsunar. Einnig má nefna að vinna með kubba sem er ein af undirstöðu þáttum stærðfræði, sem um leið eflir og þroskar bæði fín og grófhreyfingar barna.

Markmið:

- Börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfi sínu bæði úti og inni
- Að samfélagið í leikskólanum byggist á jafnrétti og samábyrgð
- Umhverfismennt sé fléttuð inni allt starf leikskólans
- Stuðlað sé að endurnýtingu og endurvinnslu
- Börnin kynnist nánast umhverfi skólans og fjölbreytileika náttúrunnar
- Læri að lesa í ták og mynstur í umhverfinu
- Kynnist stærðfræðilegum hugtökum

Leiðir:

- Kenna börnunum að fara vel með allt leikefni og nýta verðlaus efni í skapandi starf
- Að kenna börnunum samábyrgð og að hver einstaklingur sé meðvitaður um áhrif gjörða sinna með fræðslu, góðu fordæmi og verkefnum
- Að börn séu þátttakendur í umhverfisstarfinu og hlustað sé á raddir þeirra
- Að flokka og endurvinna pappír, fernur, málm, gler, plast, rafmagnsvörur, rafhlöður ofl. og setja í endurvinnslu
- Fara í gönguferðir og vettvangsferðir til að upplifa og kynnast nærumhverfinu
- Vinna með tölur, rými, fjarlægðir og áttir
- Gera tilraunir með margvíslegan efnivið s.s. snjó, vatn, steina og fleira sem finnst í náttúrunni
- Kynnast lífríkinu í nánasta umhverfi



5.4 Sköpun og menning

Í öllum þáttum daglegs lífs má finna tækifæri til sköpunar á einn eða annan hátt og í opnum og frjóum huga barna er hægt að uppgötva stórfenglega hluti. Með því að hvetja og örva gagnrýna hugsun og frjótt ímyndunarafl barna, aðstoða þau við að þroska sköpunarhæfni sína skilum við heilbrigðum og sterkum einstaklingum út í samfélagið. Við lifum í margþættu og fjölmenningslegu samfélagi og því er mikilvægt að hjálpa börnum að skilja og bera virðingu fyrir eigin menningu og lífsskilyrðum annarra.

Lengi hefur verið lögð áhersla á sköpun hér í leikskólanum. Rík hefð hefur skapast fyrir vinnu í listastofu og er sú vinna markviss og skipulögð fyrir öll börn skólans. Hér er starfandi leikskólakennari með framhaldsmenntun í skapandi starfi og heldur utan um þetta starf til viðbótar þeirri vinnu sem unnin er á deildum.

Markmið:

- Að stuðla að því að börnin þrói með sér samkennd, tillitsemi og vináttu
- Að börnin læri að finna sjálf nýjar leiðir að settu markmiði
- Að efla og ýta undir gagnrýna hugsun, forvitni og sköpunargleði
- Að börnin finni til stolts og ánægju yfir eigin sköpun
- Að börnin þekki uppruna sinn og menningararf
- Að hafa gildi íslenska menningararfsins að leiðarljósi

Leiðir:

- Að vera góðar fyrirmyndir og benda á fjölbreytileika einstaklinga
- Að ýta undir samvinnu og hjálpsemi
- Að hafa efnivið aðgengilegan
- Að spyrja opinna spurninga sem gefa börnum færi á að hugleiða fleira en eitt rétt svar og þar með að opna nýjar gáttir að sama takmarki
- Að gefa börnum tækifæri á að tjá sig á hvaða formi sem þau óska svo sem; með sögum, söng, leiklist, dansi, myndlist eða hverskonar frásögn
- Að vera opin og jákvæð gagnvart öllum hugmyndum og vangaveltum barnanna
- Að hrósa og hvetja sjálfstæða hugsun
- Að við kynnum okkur og kynnum fyrir börnunum menningu allra þeirra sem sækja leikskólann, hjálpa þeim til að skilja að lífshættir geti verið öðruvísi í öðrum löndum
- Að við tölum um íslenska menningu, gamla og nýja í öllum þáttum daglegs lífs. Sýnum hluti og myndir sem sýna horfna tíma og lífshætti, hlustum á frásagnir þeirra sem þá lifðu.



*„Börn eru gullnáma en
hlutverk fullorðinna er að
fá gullið til að glóa“*

Lovis Malaguzzi

6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Leikskólinn leggur áherslu á að skapa gott samstarf milli heimilis og skóla. Samstarf sem byggir á gagnkvæmu trausti og skilningi fyrir velferð og líðan barnanna og fjölskyldum þeirra. Markmiðið er að vera í góðu samstarfi, vinna vel saman og gera gott leikskólastarf og samskipti betri. Gefa foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans. Sjá til þess að upplýsingar séu ávallt til staðar og þeim sé miðlað á markvissan og ábyrgan hátt. Dagleg samskipti eru afar mikilvæg og sá tími sem skapast þegar foreldra koma með eða sækja börn sín er góður vettvangur fyrir dagleg samskipti. Þau samskipti geta orðið stór þáttur í því að mynda traust og öryggi um velferð og líðan barnanna.

Foreldrasamtöl eru haldin einu sinni á ári. Þá er foreldrum gefin kostur á að koma og ræða um sitt barn við leikskólakennara barnsins. Þar gefst gott tækifæri til að meta líðan barnsins, þroska þess og framfarir. Einnig er það góður vettvangur fyrir foreldra til að koma með hugmyndir sínar, óskir og væntingar og þannig stuðla að virkri þátttöku í leikskólalífinu (Aðalnámskrá, bls. 48-49 og í 9. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008).

Foreldrum, ömmum og öfum er árlega boðið í morgunkaffi. Þannig viljum við efla tengsl þeirra við leikskólann, gefa börnunum tækifæri til að leiða fólkið sitt um og veita þeim innsýn í reynsluheim og umhverfi barnanna.

Sameiginlegir fundir fyrir foreldra allra barna leikskólans eru haldnir að hausti. Þar er farið yfir komandi vetur og þær áætlanir sem liggja fyrir. Deildarstjórar fara nákvæmar yfir skipulag og vinnu hvernar deildar með viðkomandi hópi foreldra.

Foreldraráð er skipað foreldrum og hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskólans og fræðslusviðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir og fylgjast með framkvæmd þeirra. Einnig hefur foreldraráðið umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Kosið er í foreldraráðið að hausti. Foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra til að fylgjast með því starfi sem fram fer í leikskólanum, koma með hugmyndir og hafa áhrif (sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008).

Foreldrafélag leikskólans er skipað níu manns þar af eru tveir starfsmenn leikskólans (sbr. 10. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008). Kosið er til tveggja ára í senn. Foreldrafélagið er aðili að Foreldrafélagi leikskóla í Hafnarfirði. Foreldrafélagið stendur vörð um hag og velferð barnanna og beitir sér fyrir ýmsum viðburðum börnum, foreldrum og starfsmönnum til handa. Foreldrafélagið

stendur að baki sumarhátíðinni, sveitaferð og jólagjöfum. Einnig hefur það stutt við leikskólann með gjöfum, fyrirlestrum og öðru því sem komið hefur sér vel fyrir leikskólann á hverjum tíma og verið í fararbroddi hvað varðar velferð og hag okkar allra.



7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Skólaganga barna á að mynda samfellu í námi þeirra. Sú reynsla og þekking sem börnin öðlast í leikskólanum á að vera sá grunnur sem næsta skólastig byggir á. Mikilvægt er að gott samstarf skapist við grunnskólann með hag barnanna að leiðarljósi. Það auðveldar börnunum að hefja nám í nýjum skóla þegar leikskólagöngunni lýkur. Leikskólinn Arnarberg og Lækjarskóli hafa byggt upp gott samstarf sem felst í reglulegum heimsóknum beggja skóla og góðri samvinnu. Börnin kynnast skólanum sem þau eiga eftir að fara í, fá að taka þátt í kennslustundum og fá kynningu á sjálfum skólanum. Grunnskólabörn koma í heimsókn í leikskólann og taka þátt í starfinu eins og með því að lesa fyrir börnin, taka þátt í listsköpun eða öðru starfi á hverjum tíma. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga til að miðla upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferða barnanna (Aðalnámskrá, bls. 50). Skólaskil eru einnig að vori og miðlar þá fulltrúi leikskólans upplýsingum til grunnskólans vegna þeirra barna sem hefja skólagöngu sína í nýjum skóla að hausti.



8. Sérfræðiþjónusta

Sérkennsla er þjónusta sem leikskólinn veitir börnum vegna hverkyns sérþarfa sem þau kunna að hafa. Þessar sérþarfir geta verið vegna fötlunar, þroska- og hegðunarvanda, tilfinningalegra frávika auk sérstakra aðstæðna barna. Þjónustan miðast við að gera börnum unnt að njóta sín í hópi annarra barna á eigin forsendum og styrkja þau á sem fjölbreyttastan hátt.

Í gildi er reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla. Í 4. gr. reglugerðarinnar er tekið fram að sveitarstjórn í samráði við skólastjórnendur skipuleggur sérfræðiþjónustu. Um ráðningu sérhæfðs starfsfólks sem henni sinnir fer eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykktum sveitarfélags.

Það er í höndum sveitafélaga að ákveða hvernig sú þjónusta er veitt. Sveitafélögin geta rekið eigin sérfræðiþjónustu eða gert um hana þjónustusamning. Skylda sveitafélagsins er að uppfylla fyrirmæli laga og reglugerða í þessum efnum.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að sértækum þörfum barna sé mætt ásamt sérkennslustjóra hvers leikskóla. Einnig skal gera sérstaklega ráð fyrir rými í leikskólanum til að veita sérfræðiþjónustu þegar á þarf að halda vegna nemenda með sérþarfir, stuðning og vegna þjálfunar.

8.1 Sérkennsla í leikskólanum

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem hefur yfirumsjón með sérkennslu í skólanum. Hann sér um samskipti við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa sem koma að málum ásamt stuðningsaðila og deildarstjóra. Auk hans vinna þrír starfsmenn að sérkennslunni. Lögð er áhersla á að gott skipulag sérkennslunnar og samráð, það veitir bæði kennurum og nemendum styrk. Unnið er með atferlisþjálfun, málörvun, félagsfærni, og annað það sem talið er mikilvægt hverju barni fyrir sig eftir greiningu og mat. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þau börn sem eru með frávík og njóta sérkennslu eða sérfræðiþjónustu. Þær gefa upplýsingar um markmið sem sett eru fyrir hvert barn og leiðir sem eru farnar til að ná þeim markmiðum. Þess er vel gætt að barn sem þarfnast sérkennslu einangrist ekki heldur aðlagist barnahópnum og njóti sín á eigin forsendum.

9. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá, bls. 26 -27, 54).

9.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra matið sem á að felast í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með marvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfakannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytramat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna marmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá, bls. 28 og 55).

9.2 Innra mat á leikskólastarfi

Í aðalnámskrá, á bls. 27, 54 og 55 er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá. Í aðalnámskrá er lagt til að innramatið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í mat á skólastarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna

innramats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurtöður innra mats og áætlanir um umbætur. Helstu matstækin sem leikskólinn notar til að rýna í uppeldis- og kennsluáferðir eru starfsmannafundir, árleg starfsmannaviðtöl, deildarstjórafundir, deildafundir og viðhorfskannanir meðal starfsmanna, barna og foreldra. Með gerð starfsáætlunar eru þessir þættir tímasetnir yfir árið og þeim fylgt eftir með fundargerðum, endurmati og umbótaáætlunum. Mat á árangri og framförum er reglubundinn þáttur í öllu skólastarfi og samofin daglegu starfi til að auka og efla þekkingu, hæfni og ígrundun.

9.2.1 Mat barna

Mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi er líðan og velferð barnanna sem dvelja í skólanum á hverjum tíma. Það að hlusta á raddir barnanna er afar mikilvægt og þannig getum við komið til móts við óskir þeirra og þarfir, stuðlað að lýðræðislegum ákvörðum þeim til heilla. Lagðar eru fyrir þau kannanir til að meta skólastarfið, það er gert með því að nota ljósmyndir og broskalla. Þannig fáum við góða sýn á skoðanir þeirra og hugmyndir. Börn eru ekki öll stödd á sama stað í þroska og því mikilvægt að mæta hverju barni þar sem það er statt og leita leiða til að hafa fjölbreytt val á efniviði og námstilboðum. Öll börn vinna námsmöppur sem fylgja þeim í gegnum alla leikskólagönguna, í möppurnar er safnað verkum barnanna. Með því skapast góð leið til að leggja mat á þroska og framfarir barnanna og jafnframt er hún upplýsingaveita um áhugasvið, hæfni og kunnáttu þeirra.

9.2.2 Mat starfsmanna leikskólanna

Á starfsmannafundum, deildarstjórafundum og deildarfundum fer fram mikilvægt mat sem nýtist til umbóta. Sú ígrundun og þær samræður sem þar fram fara eru mikilvægir þættir í allri þróun og endurmati og eru lykill að umbótum. Fundagerðir eru haldnar á þessum fundum og eru þær m.a. liður í því að upplýsingaflæði sé gott og skilvirkt til allra starfsmanna. Starfsmannaviðtöl eru haldin einu sinni á ári, þau eru liður í starfsmannaþróun, líðan og velferð starfsmanna og vettvangur fyrir óskir starfsmanna um endurmenntun.

9.2.3 Mat foreldra

Árlega eru haldnir foreldrafundir og foreldrasamtal. Þá gefst foreldrum tækifæri til að koma með ábendingar og skiptast á skoðunum um starfið og ræða málefni barnanna. Kannanir eru gerðar meðal foreldra um starfið, líðan barnanna, nám, námsumhverfi og annað það sem mikilvægt er hverju sinni. Einnig notum við vefinn og setum inn þar mánaðarlegar kannanir varðandi hina ýmsu þætti skólalífsins. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar foreldrum á vef skólans.

Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári. Leikskólakennarar undirbúa þessi viðtöl með því að skrá niður ýmsa þætti daglegs lífs ásamt því að meta hvar barnið er statt hverju sinni. Áhersla er lögð

á að skoða hvernig börnin er stödd í málþroska, hreyfiþroska, samskiptum og félagslegri færni. Í foreldraviðtölum gefast foreldrum og kennurum tækifæri til að hyggja að velferð barnanna á einstaklingsbundinn hátt og þannig mæta hverju barni þar sem það er statt. Leita leiða til að nám og þroski barnanna verði sem bestur og leita sértækra ráða ef þarf. Mörg matstæki eru til staðar og eru þau notuð eins og við á hverju sinni. Einnig eru haldnir foreldrafundir að hausti þar sem leikskólastjóri fer almennt yfir starf skólans og helstu áherslupætti. Deildarstjórar bjóða svo foreldrum inn á deild barnsins þar sem nánar er farið yfir námskrá skólans og vinnu tengda henni.

10. Heimildaskrá

Hafnarfjarðarbær. Sótt 19. mars 2014 af <http://www.hafnarfjordur.is/media/skyrslur-og-utgafa/SkolastefnaHf2009utgafa.pdf>.

Hafnarfjarðarbær. Sótt 19. mars 2014 af <http://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/mannaudstefna.pdf>.

Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.

Lög nr. 76/2003. *Barnalög*.

Lög nr. 90/2008 *um leikskóla*.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Pound, L. (2005). *How children learn*. London: Step Forward Publishing Limited.

Reglugerð nr. 584/2010 *um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum*.

Rósa Eggertsdóttir. (2007) Fyrirlestur í leikskólanum

Snow.C.E. (1993). *Linguistic development as related to literacy*. Hrafnhildur Ragnarsdóttir endursagði.